

Hæfniviðmið og námsmarkmið í íslensku í 1. bekk.

Talað mál, hlustun og áhorf	
Beitt skýrum og áheyrilegum framburði.	
Nemandi getur tjáð sig á skiljanlegan hátt.	
Nemandi getur borið fram öll stafahljóðin og lesið einfaldan texta skýrt.	
Nýtt sér og endursagt efni á stafrænu formi.	
Nemandi getur meðtekið upplýsingar úr efni sem horft eða hlustað er á.	
Nemandi getur nýtt sér stafræna miðla við nám og leik.	
Lestur og lesskilningur	
Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila.	
Nemandi getur þekkt heiti, hljóð og rithátt allra bókstafa.	
Nemandi getur hljóðað sig í gegnum texta orð af orði.	
Nemandi getur lesið og skilið aldurssvarandi texta.	
Þekkt og beitt einföldum aðferðum við lestur og tilgreint dæmi um ólíkan tilgang lestrar.	
Nemandi getur umskráð léttan texta.	
Nemandi getur tekið þátt í kórlestri og bergmálslestri.	
Nemandi getur spáð fyrir um innihald texta út frá kápu, heiti eða myndum og tengt við fyrri þekkingu.	

Ritun	
Dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð.	
Nemandi getur áttað sig á hlutverki hjálparlína í skrift.	
Nemandi getur skrifað alla bókstafi stafrófsins, hástafi og lágstafi, rétt og af öryggi.	
Nemandi getur haldið rétt á skriffæri og gert sér grein fyrir tilgangi þess.	
Nemandi getur tekið fyrstu skrefin í fingrasetningu á lyklaborði.	